

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

320. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 03.06.2013, kl.07:30 á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5.

Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Páll Hilmarsson, Ómar Stefánsson, Karl Sigurðsson (vék af fundi 08:30), Bjarni Torfi Álfþórsson og Hafsteinn Pálsson. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar.

Tekið fyrir:

1. Afslættir

Framkvæmdastjóri leggur fram og fer yfir minnisblað um afslætti, dagsett 27. maí. Samkvæmt minnisblaðinu er ekki hægt að réttlæta magnafslætti, enda hafa þeir ekki verið viðhafðir hjá SORPU. Afslættir sem giltu áður en ákvörðun Samkeppniseftirlitsins lá fyrir voru viðskiptaafslættir og fóru eftir fjárhæð viðskipta í hverjum mánuði. Formanni stjórnar, varaformanni og framkvæmdastjóra falið að funda með Samkeppniseftirlitinu vegna málsins.

2. Framtíð Metan ehf.

Málinu frestað.

3. Niðurstaða útboðs vegna pressukaupa

Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður útboðs á pressu en tilboð voru opnuð þann 30. apríl síðastliðinn. Jafnframt lagt fram minnisblað frá Mannvit um sama efni. Alls bárust 8 tilboð og 2 frávikstilboð. Lægsta tilboð barst frá fyrirtækinu Paal GmbH. Stjórn samþykkir að taka tilboði Paal í pressu. Framkvæmdastjóra falið að óska tilboða í fjármögnun.

4. Samningur við Endurvinnsluna hf. um móttöku á skilagjaldsskyldum umbúðum

Málinu frestað.

5. Grenndargámakerfið

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað vegna grenndargámakerfis og útboðs á grenndargánum dagsett 30. maí 2013 ásamt minnisblaði frá Mannvit vegna sama efnis dagsett 17. maí 2013. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

6. Bréf Gámaþjónustunnar hf.

Lagt fram bréf Gámaþjónustunnar hf. dagsett 7. maí varðandi endurskoðun á gjaldskrá og viðskiptakjörum.

7. Bréf Metanorku hf.

Lagt fram bréf Metanorku ehf. dagsett 22. maí vegna ákvörðunar stjórnar um samninga við Olís og N1 um sölu á metani. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara bréfinu.

þor. 10.6.2013
K.S. (B.H.)
M.C.
R.P.
P.T.B.

8. Bréf Forum lögmannna vegna Samskila

Lagt fram bréf Forum lögmannna dagsett 23. maí vegna Samskila. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara bréfi Forum lögmannna.

9. Bréf Forum lögmannna vegna Hringrásar

Lagt fram bréf Forum lögmannna dagsett 27. maí vegna Hringrásar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara bréfi Forum lögmannna.

10. Breyting á gjaldskrá

Framkvæmdastjóri kynnir breytingu á gjaldskrá 1. júlí næstkomandi vegna breytinga á vísitölu. Gjaldskrá hækkar um 3,325%.

11. Samanburður rekstrar og áætlunar

Framkvæmdastjóri kynnir samanburð á rekstri og áætlun fyrir fyrstu 3 mánuði ársins.

Tekjur eru 25% af áætlun og rekstrargjöld eru 24,9% af áætlun.

12. Málssókn gegn Samkeppniseftirlitini

Hörður Felix Harðarson hrl. hjá Mörkin lögmannsstofa hf., hefur samþykkt að taka að sér málarekstur SORPU gegn Samkeppniseftirlitinu og úrskurðarnefnd samkeppnismála í nánu samráði við embætti borgarlögmanns.

13. Fundarskipulag seinni part árs 2013

Framkvæmdastjóri leggur fram drög að fundarplani að loknu sumarleyfi.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 10.06.2013 klukkan 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:50.

Fundarritari Bjarni Hjarðar.

Margit Gauva Magnisdóttir
Bjarni Hjarðar
Bjarni Hjarðar
Ómar Skulason. m.fyrirum 13 til
Bjarni Hjaldrísson
Kerl Sig
Bjarni Hjarðar